

Reglur, meginmarkmið og skilyrði fyrir frístundastyrkjum Hafnarfjarðarbæjar hjá iðkendum 6 til 18 ára í íþróttá- og tómstundafélögum frá 1. janúar 2017

Markmið frístundastyrkja er að gera börnum með lögheimili í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþróttá- og tómstundastarfi óháð efnahag fjölskyldna og að efla íþróttá- og annað forvarnastarf í Hafnarfirði. Einnig eiga frístundastyrkir að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda.

Skipulagt íþróttá- og tómstundastarf þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að teljast styrkhæft:

- Megin skilyrði fyrir endurgreiðslu til félaga verður að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðustum skilningi.
- Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglinga. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun, kennslu- eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Fagaðili/þjálfari getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.
- Frístundastyrkir ná einungis til félaga með skipulagða kennslu/þjálfun í að minnsta kosti 10 vikur í senn og að lágmarki eina æfingu í viku.
- Ef þátttökugjald er hærra en sem nemur frístundastyrk Hafnarfjarðarbæjar innheimtir félag/deild mismunin hjá forráðamönnum.
- Frístundastyrkur bæjarins skal ekki nema hærri fjárhæð en ákvörðuðu æfingagjaldi og er allt að 3000 kr. á mánuði
- Aðili sem sinnir skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi skal gera samning við Hafnarfjarðarbæ að uppfylltum reglum um styrkhæfi. Aðild að frístundastyrk Hafnarfjarðarbæjar á íþróttá- og tómstundaiðkun má ekki verða til þess að gjaldskrár/æfingagjöld hækki óeðlilega milli ára

Félag/deild fær greiddar 3.000 kr. fyrir hvern iðkanda sex ára til 18 ára á mánuði til lækkunar á þátttökugjaldi og miðað skal við fæðingarár. Árið sem barn verður 6 ára byrjar það að fá styrk 1. janúar og hættir að fá styrk 31. desember árið sem það verður 17 ára. Ber félagi/deild að lækka þátttökugjald iðkandans sem þessu nemur við greiðslu á æfingagjaldi.

Ráðstöfun frístundastyrks er þannig að forráðamenn verða að fara inn [Mínar síður á vef Hafnarfjarðarbæjar](#) eða [heimasíðu viðkomandi félags](#) og staðfesta þátttöku iðkandans hjá viðkomandi félagi/deild rafrænt. Eingöngu er hægt að staðfesta þátttökuna á [Mínum síðum](#) eða hjá viðkomandi félagi. Þegar forráðamaður staðfestir þátttöku barns fær viðkomandi félag/deild og Hafnarfjarðarbær staðfestingu þar um. Mánaðarlega tekur Hafnarfjarðarbær saman lista með fjölda þátttökustaðfestinga forráðamanna og sendir til félaga/deilda og greiðir félögum/deildum frístundastyrk samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi íþróttafélag/deild út frá heildarlista. Ekki er hægt að innheimta frístundastyrk ef meir en tveir mánuðir eru liðnir frá námskeiðislokum. **Í rafrænni kvittun til þátttakenda um námskeiðskostnað skal félag geta um hlut bæjarfélagsins í greiðslu vegna námskeiðsgjaldsins.**

Skráning er fyrst og fremst í gegnum Norakerfið hjá viðkomandi félögum og Hafnarfjarðarbæ og frístundastyrkur til foreldra verður rafrænn. Félög sem ekki eru með Nora kerfið mega gefa út

greiðslukvittanir til foreldra sem uppfylla viðmið Hafnarfjarðarbæjar. Á reikning eða greiðslukvittun verða eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- Fullt nafn og kennitala iðkanda
- Heiti íþróttta- eða tómsfundafélags og hvaða deild eða námskeiði barnið er á
- Upphafs- og lokadagsetning námskeiðs sem greitt er fyrir
- Heildarkostnaður námskeiðs
- Stimpill/og eða undirritun starfsmanns

Greiðslukvittanir sem berast fyrir 15. hvers mánaðar og uppfylla viðmið sem hér eru sett fram verða greiddar um 20. næsta mánaðar.

- Þjónustuverið s. 5855500 veitir frekari upplýsingar og aðstoð varðandi skráningar á [Mínum síðum](#) á vef Hafnarfjarðarbæjar.
- Íþróttta- og tómsfundafulltrúi metur hvort einstaka aðilar uppfylli skilyrði reglna og ber tillögur sínar undir íþróttta- og tómsfundanefnd leiki vafi á styrkhæfi.

Samþykkt í Fræðsluráði Hafnarfjarðar 26. október 2016, með breytingum varðandi greiðslukvittanir sem samþykktar voru í Fræðsluráði þann 22. febrúar 2017 og taka breytingar gildi frá 1. janúar 2017.

Hafnarfirði, febrúar 2017

Umsókn félagasamtaka/fyrirtækis um aðgang að frístundastyrk Hafnarfjarðarbæjar

Reglur um viðmið sem námskeið skal uppfylla má finna á vef Hafnarfjarðarbæjar <http://www.hafnarfjordur.is/media/fraedsluthjonusta/ReglurFristundastyrkurNov2016.pdf>

Meginreglan er að námskeið skulu standa samfleitt yfir í 10 vikur eða lengur með minnst vikulegri ástundun.

Vinsamlegast fyllið út:

Nafn félags/fyrirtækis:

Kennitala:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Á hvaða reikning eiga endurgreiðslur að berast:

Systkinaafsláttur % eða krónur:

Tengiliður:

Kennitala:

Netfang:

Hvar má finna lýsingu á námskeiðum? (má senda í viðhengi):

Eftir að hafa sent undirrituðum þessar upplýsingar fáið þið svar hvort ykkar námskeið og starf samræmist okkar viðmiðum.

Bent er á að á síðunni <http://www.fristund.is> eru upplýsingar um fjölmörg námskeið á höfuðborgarsvæðinu og Hafnarfjarðarbær hvetur aðila til að nota þann vef til að skrá framboð á námskeiðum fyrir börn. Nánari upplýsingar gefur Ragna ragna@hafnarfjordur.is

Aðal skráning Hafnarfjarðarbæjar vegna frístundastyrkja fer í gegnum Nora skráningarkerfið vegna barna í Hafnarfirði 6-18 ára. Fyrir minni félög sem eru ekki tengd Nora kerfinu má gefa út löggilda kvittun fyrir greiðslu foreldra sjá fylgiskjal.



HAFNARFJÖRÐUR

Sum félög/fyrirtæki eru með Nora kerfi og þurfa því að hafa samband við Greiðslumiðlun og tengjast Hafnarfirði.

Þeir sem ekki eru með Nora kerfið og vilja tengjast því þurfa að: Hafa samband við þjónustuver Hafnarfjarðar Strandgötu 6, thonustuver@hafnarfjordur.is eða í síma 5855500 þar sem Anna Bára eða Mollý aðstoðar ykkur við að skrá félagið ykkar í þennan Nora grunn.

Þegar því er lokið hafið þið samband við aðila hjá Greiðslumiðlun vegna frágangs varðandi innheimtu greiðslu; Brynjar, brynjar@motus.is eða Ingu Björg ingabjorg@greidslumidlun.is. Í gegnum kerfið er boðið upp á nokkrar greiðsluleiðir fyrir foreldra.

Eftir skráningarferlið munu foreldrar sem vilja fá frístundastyrk frá Hafnarfjarðarbæ fá hana sjálfkrafa í gegnum kerfið.

Með bestu kveðju,-

Geir Bjarnason

Íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar

Hafnarfirði febrúar 2017

Fylgiskjal vegna reglna um frístundastyrki

Gerð og meðferð reikninga og greiðslukvittanna vegna frístundastyrkja Hafnarfjarðarbæjar vegna iðkenda 6-18 ára í íþróttá- og tómsfundastarfi hjá viðurkenndum íþróttá- og tómsfundafélögum sem ekki eru tengd Norakerfinu.

Nauðsynlegt er að benda á að eftirfarandi reglur gilda varðandi reikning eða greiðslukvittun og verða viðkomandi upplýsingar að koma fram.

- Fullt nafn og kennitala iðkanda
- Heiti íþróttá- eða tómsfundafélags og hvaða deild eða námskeiði barnið er á
- Upphafs- og lokadagsetning námskeiðs sem greitt er fyrir
- Heildarkostnaður námskeiðs
- Stimpill/og eða undirritun starfsmanns

Greiðslukvittanir sem berast fyrir 15. hvers mánaðar og uppfylla viðmið sem hér eru sett fram verða greiddar um 20. næsta mánaðar. Ekki er tekið við reikningum eða greiðslukvittunum tveimur mánuðum eftir að námskeiði lauk.

Uppfylli kvittun/greiðsluseðill ekki viðmið Hafnarfjarðarbæjar mun viðkomandi kvittun/greiðsluseðill vera sendur til baka bréfléiðis ásamt skýringu af hverju ekki var greitt.



Geir Bjarnason
Íþróttá- og tómsfundafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar